

Stjórnarfundur 12 þriðjudaginn 5. apríl 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, Árni Jón Eggertsson, Kristján Geir Guðmundsson, Steinn Einarsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir

Afboð og mættu ekki: Brynja María Ólafsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Stefán Jóhannesson

Dagskrá

- Fréttir frá CEV
- Úrslitakeppnin
- Lokahóf og verðlaun til einstaklinga
- HM/Evrópumót í vor
- Ársþing
- Ársþing?
- Önnur mál

Fundargerð

Fréttir frá CEV

- Guðmundur Helgi, stjórnarmaður CEV komst ekki á fundinn til að greina frá því helsta sem kom fram á fyrsta stjórnarfundinum sem hann sótti í mars.
- Fram kom í máli formanns að CEV leggi mikla áherslu á ToppBlak og það í auknum mæli en áður og það sé upplifun GH út frá þessum fundi.
- Formaður BLÍ talaði um að ræða betur við Lubor Halanda sem kemur hingað til lands sem eftirlitsmaður í mótið í vor um fjárhaginn einna helst. Það sé mikilvægt að stór samtök sem CEV sé að þau hlúi betur að minni samböndum með fjárstuðningi.
- Umræðurnar fóru út í 4. lið dagskrár og það gat sem þarf að brúa þegar við höldum mótið í vor.
- Það liggja alveg ljóst fyrir að Evrópusambandið þurfi að koma betur inn með fjármagn miðað við fjárhagsáætlun sem stendur fyrir mótið.
- Annað í kringum mótið er í góðum farvegi og vinna framkvæmdastjóra nokkur í undirbúningi mótsins með framkvæmdanefndinni sem fundar orðið með reglulegu millibili fram að móti.

Úrslitakeppnin

- Það er orðið ljóst hvaða lið leika í úrslitakeppninni og samskipti vegna leikja liðanna eru farin út frá skrifstofu BLÍ. Það er ljóst að það þarf að kynna keppnina vel og biðja félögin að fylla húsín, það sé mikilvægt.
- Ekki er ljóst á þessari stundu hversu mikið verði sýnt frá úrslitakeppninni á Sporttv en líklega meira eftir því sem nær dregur úrslitunum sjálfum.

Lokahóf og verðlaun

- Nokkur umræða var um þennan lið og skiptar skoðanir stjórnarmanna voru um hvort ætti að halda kvöldveislu eða blaðamannafund líkt og var í fyrra
- Ákveðið var að halda blaðamannafund þann 18. apríl kl. 12.15 og nýta þann fund til að kynna almennilega úrslitin sjálf sem hefjast þá um kvöldið í karlaflokki.
- Þá var það rætt að velja í lið ársins. Verðlaun verða veitt fyrir stigaskor í deildinni, þ.e.a.s. sókn, hávörn, uppgjöf og samtals fjöldi stiga. Að auki verður valið í tvær kantstöður, tvær miðjustöður, díó, uppspilara og frelsingja ásamt þjálfara. Liðin sjálf skila inn atkvæðaseðlum fyrir þann hluta

fyrir 13. apríl en í sama tilefni skal skila inn atkvæðaseðlum fyrir Bestu og efnilegustu leikmenn auk dómara leiktímabilsins.

Ársþing BLÍ

- Nokkuð var rætt um komandi ársþing. Formaður BLÍ hefur verið að hugsa um að leggja fram lagabreytingu um að setja ársþingið á tveggja ára frest í stað eins árs eins og nú er. Á mótinu verði formannafundur með félögum þar sem hægt er að samþykkja ársreikninga og jafnvel reglugerðir.
- Nokkur umræða var um þetta innan stjórnarinnar.
- Þá nefndi Kristján Geir Guðmundsson að það ætti að skoða með að leggja niður þing öldunganna. Ekki voru allir á sama máli um það en vert að taka umræðuna um það á þingi.

Önnur mál

- Stefán sendi punkta um landsliðsmálin
 - Nýbúin frábær ferð til Ítalíu þar sem 65 manns voru á vegum BLÍ. Ferðin vel heppnuð, landsliðin fjögur fengu mikið út úr ferðinni, bæði æfingar og leiki. Ekki spurning um að halda þessu samstarfi áfram með Ítölunum í Porto San Giorgio.
 - Fyrirhugað er að fara með karlalandsliðið í æfingaferð til Englands í lok apríl og byrjun maí. Það hugsað sem undirbúningur fyrir verkefnið hér heima í maí.
 - Kvennalandsliðið fer til LUX 23. júní og kemur heim 27. júní í EM
 - Fyrirhugað að Danir komi í heimsókn 10.-12. júní og svo jafnvel Englendingar með kvennaliðið sitt helgina á eftir 17.-19. júní. Ekki alveg staðfest en líklegt.
 - Þetta er þannig heimsókn að við tökum við þeim og borgum gistingu, fæði og transport!!
- Strandblak
 - Nefndin hefur óskað eftir því að fá að fjárfesta í mótaforriti til að halda utan um mótin. Forritun er dýr og ekki líklegt að þeir peningar sem strandblakið á myndu duga fyrir því. Þarf að skoða aðrar lausnir til að auðvelda mótshöldurum að raða niður mótin.
 - Einnig hefur nefndin áhyggjur af landsliðsmálum í strandblaki. Nokkur umræða var um landsliðsmálin og strandblakmálin almennt. Sambandið er ekki nógu stórt til að taka þátt í öllu sem í boði er og var m.a. bent á það að samböndin á norðurlöndunum sem væru hvað mest með Strandblak væru með mun fleiri starfsmenn á sínum snærum en hér á Íslandi.
 - Sævar og Jason munu ræða betur við Norðurlöndin um starfshætti þeirra í kringum strandblakmál, hvernig landsliðsmálin séu tækluð sem og mótamálin.
- Formaður sagði frá því að Aganefnd BLÍ hafi komið saman eftir að kæra barst frá dómara leiks. Viðkomandi leikmaður var settur í 1 leiks bann.
- Í framhaldinu kom upp sú umræða að heimasíða BLÍ þarf að vera virkari hvað svona tilkynningar varðar. Einhversstaðar ætti að vera sýnilegt hvort leikmenn fari í bann, hver spjaldastaðan sé á leikmönnum og jafnvel félagaskipti í blaki.

Næsti formlegi fundur er þriðjudaginn 3. maí. Í lokin var þó rætt um að hittast jafnvel 19. apríl í vinnufund.

Fundi slitið klukkan 18:20

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.